

Aðalfundur Eypings 2015

Ályktanir

Tekjustofnar sveitarfélaga

Aðalfundur Eypings, haldinn í Hörgársveit 9. og 10. október 2015, skorar á ríkisstjórn Íslands að beita sér fyrir nauðsynlegum breytingum á tekjustofnum sveitarfélaga til að tryggja að þeir séu í samræmi við þau verkefni sem sveitarfélögunum eru falin. Útgjöld sveitarfélaga hafa vaxið sem og verkefnum fjölgað, en tekjuliðir hafa ekki fylgt þeirri þróun. Mikilvægt er að sveitarfélög fái aukna hlutdeild í heildarskatttekjum samfélagsins.

Því beinir fundurinn því til stjórnvalda og Sambands íslenskra sveitarfélaga að taka til athugunar á hvern hátt styrkja megi almennan tekjugrundvöll sveitarfélaga svo þau geti sinnt lögbundnu þjónustuhlutverki sínu á sómasamlegan hátt.

Almenningssamgöngur

Aðalfundur Eypings, haldinn í Hörgársveit 9. og 10. október 2015, leggur áherslu á mikilvægi góðra almenningssamgangna til að jafna búsetuskilyrði á svæði Eypings og tengja íbúa þess við önnur landssvæði. Brýnt er að þegar í stað verði ráðist í nauðsynlegar breytingar til að tryggja rekstrargrundvöll verkefnisins. Áframhaldandi hallarekstur á verkefninu er óásættanlegur.

Fundurinn lítur svo á að forsendubrestur hafi orðið frá yfirtöku verkefnisins; lækkun á endurgreiðslu olúgjalds, einkaleyfi á umsömdum akstursleiðum ekki virt og framlag ríkisins ekki í samræmi við umfang samgöngukerfis milli þéttbýlisstaða á svæðinu og út af því. Fundurinn gerir kröfu um að grunnframlag og þróunarstyrkur til verkefnisins verði hækkað, lagalegu umhverfi almenningssamgangna verði breytt til að tryggja einkaleyfið og tekur undir ályktun aðalfundar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi þess efnis frá 2. og 3. október sl..

Jafnframt er mikilvægt að lokið verði uppgjöri á tekjum af leið 57 (Reykjavík-Akureyri) frá árinum 2012 og 2013 auk þess sem skýrar línur verði lagðar um uppgjör á leiðinni til loka samningstíma. Lögð er áhersla á að rekstri leiðar 57 sé haldið aðskildum frá öðrum leiðum og hún sé gerð upp sérstaklega. Þá gerir fundurinn einnig athugasemd við óeðlilega háan umsýslukostnað sem innheimtur er af Strætó b.s.

Fundurinn felur stjórn Eypings að koma ályktun aðalfundar á framfæri við ráðherra og þingmenn og fylgja málinu vel eftir.

Heildstæð sýn í ferðamálum

Aðalfundur Eypings, haldinn í Hörgársveit 9. og 10. október 2015, felur stjórn að hefja undirbúning að gerð svæðisskipulags í ferðaþjónustu á Eypingssvæðinu.

Alþjóðaflugvöllurinn á Akureyri

Aðalfundur Eypings, haldinn í Hörgársveit 9. og 10. október 2015, bendir á mikilvægi þess að álagi vegna fjölgunar erlendra ferðamanna verði dreift betur um landið en nú er gert, meðal annars til að vernda náttúruna. Fundurinn skorar á ríkið að styðja við og efla millilandaflug um Akureyrarflugvöll. Fundurinn leggur áherslu á að eldsneytiskostnaður verði jafnaður milli landshluta svo samkeppnisstaða Akureyrarflugvallar skekkist ekki af þeim sökum. Með því er hægt að tryggja betri nýtingu innviða og efla enn frekar þá mikilvægu atvinnugrein sem ferðaþjónustan er orðin.

Nýtt fluglað

Aðalfundur Eypings, haldinn í Hörgársveit 9. og 10. október 2015, krefst þess að ríkið tryggji fjármagn í fjárlögum ársins 2016 til stækkunar fluglaðs á Akureyrarflugvelli.

Akureyrarflugvöllur er einn af fjórum alþjóðaflugvöllum landsins. Stækkun fluglaðsins gegnir mikilvægu hlutverki í frekari uppbyggingu hans. Áframhaldandi uppbygging alþjóðaflugvallarins á Akureyri er mjög mikilvæg til að bæta almenn skilyrði til atvinnuuppbyggingar á svæðinu og styðja þannig við fjárfestingar í atvinnulífi á svæðinu.

Flugsamgöngur

Aðalfundur Eypings, haldinn í Hörgársveit 9. og 10. október 2015, ítrekar mikilvægi þess að stutt verði við flugsamgöngur til og frá Þórshöfn, Vopnafirði, Húsavík og Grímsey. Flugsamgöngur eru ein af lífæðum þessara samfélaga sem nauðsynlegt er að standa vörð um.

Flugvöllurinn í Vatnsmýrinni

Aðalfundur Eypings, haldinn í Hörgársveit 9. og 10. október 2015, leggst eindregið gegn því að miðstöð innanlandsflugsins verði flutt úr Vatnsmýrinni. Fundurinn skorar á innanríkisráðherra að tryggja óskerta starfsemi flugvallarins og tryggja þar með öryggishagsmuni íbúa landsbyggðanna. Það er með öllu ólíðandi að dregið verði úr öryggi sjúklinga og slasaðra sem þurfa að komast með hraði á okkar helsta sjúkrahús, Landspítalann. Mikilvægt er að aðgengi íbúa landsbyggðanna að heilbrigðisþjónustu, stjórnsýslu, viðskiptalífi og menningarlífi sé tryggt. Ef hugmyndir um flutning Reykjavíkurflugvallar úr Vatnsmýrinni ganga eftir myndi það hafa alvarleg áhrif á lífsgæði íbúa landsbyggðanna.

Malarvegir

Aðalfundur Eypings, haldinn í Hörgársveit 9. og 10. október 2015, skorar á samgönguyfirvöld að veita mun meira fé til uppbyggingar og viðhalds héraðs- og tengivega heldur en verið hefur að undanfögnu. Litlu fé hefur verið varið til uppbyggingar og viðhalds malarvega og nú er svo komið að ýmsir þeirra eru orðnir mjög illa farnir og beinlínis hættulegir. Nefna má veginn milli Þórshafnar og Bakkafjarðar, um Melrakkasléttu, í Bárðardal og í Hörgárdal. Fundurinn leggur áherslu á að lagt verði bundið slitlag á stofnveginn milli þéttbýliskjarnanna í Langanesbyggð sem fyrst. Góðar samgöngur um land allt eru jafnréttismál og ein af grunnforsendum dreifðrar byggðar sem og atvinnuuppbyggingu, s.s. ferðaþjónustu.

Snjómokstur

Aðalfundur Eypings, haldinn í Hörgársveit 9. og 10. október 2015, lýsir áhyggjum sínum af fjársvelli Vegagerðarinnar hvað snjómokstur og vetrarþjónustu varðar og skorar á stjórnvöld að bæta úr því.

Fjarskiptamál

Aðalfundur Eypings, haldinn í Hörgársveit 9. og 10. október, gerir kröfu um að tryggð verði aukin gæði nettenginga, sjónvarps- og útvarpssendinga og farsímasambands á svæði Eypings í samræmi við stefnumörkun fjarskiptaáætlunar. Fundurinn fagnar stefnumótun stjórnvalda um ljósleiðaravæðingu um land allt og gengur út því frá að þau sveitarfélög sem nú þegar standa í framkvæmdum eða hafa lokið lagningu ljósleiðara sitji við sama borð og önnur sveitarfélög varðandi þátttöku ríkisins í kostnaði. Fundurinn leggur áherslu á að þær byggðir sem skilgreindar eru sem brothættar verði í forgangi.

Dreifing á starfsemi ríkisins

Aðalfundur Eypings, haldinn í Hörgársveit 9. og 10. október 2015, styður stefnumörkun ríkisins í fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni. Betri dreifing opinberra starfa vítt og breitt um landið festir í sessi búsetu um land allt. Þá er ekki eðlilegt að uppbygging opinberrar þjónustu sem fjármögnuð er með skattfé allra landsmanna eigi sér að mestu stað á höfuðborgarsvæðinu. Fundurinn skorar á ríkið að nýta tækifærið þegar nýjum stofnunum er komið á fót og staðsetja þær vítt og breitt um landið. Fundurinn telur orðið tímabært að endurskoða staðsetningu opinberra starfa út frá þeirri tækniþróun sem hefur átt sér stað.

Staðsetning opinberra starfa á ekki að vera bitbein á milli landsbyggðanna og höfuðborgarsvæðis heldur þarf að tryggja fjölbreytt störf og góð búsetuskilyrði um land allt. Það eru sameiginlegir hagsmunir allra Íslendinga að byggð blómstri á öllu landinu.

Innflutningsbann Rússa og áhrif þess á sjávarbyggðir landsins

Aðalfundur Eypings, haldinn í Hörgársveit 9. og 10. október 2015, lýsir yfir áhyggjum sínum af áhrifum innflutningsbanns Rússlands á íslenskar sjávarafurðir og afleiðingum þess á sjávarbyggðir. Viðskiptabannið ógnar verulega tilveru einstakra sjávarbyggða og skorar á ríkið að tryggja mótvægisáðgerðir til þess að bregðast við stöðunni.

Úrbætur vegna takmarkana í flutningsgetu á raforku

Aðalfundur Eypings, haldinn í Hörgársveit 9. og 10. október 2015, lýsir yfir áhyggjum af því að takmörkuð flutningsgeta á rafmagn innan svæðisins skekkir samkeppnistöðu og hamlar uppbyggingu fyrirtækja á starfssvæði Eypings. Flutningsgeta má ekki standa eðlilegri atvinnuþróun og atvinnuuppbyggingu fyrir þrífum. Þá leggur fundurinn þunga áherslu á að þriggja fasa rafmagn verði í boði á öllu svæðinu. Fundurinn leggur áherslu á að tekið verði tillit til óska sveitarfélaga um val á línugerð sem og að kostnaður vegna lagningar lína falli ekki á sveitarfélög.

Úrbætur í fráveitumálum

Aðalfundur Eypings, haldinn í Hörgársveit 9. og 10. október 2015, gerir kröfu um aðkomu ríkisins að fráveituframkvæmdum sveitarfélaga. Þá ítrekar fundurinn enn og aftur ósk sína eftir stefnu ríkisins í fráveitumálum og að fundnar verði ásættanlegar lausnir til framtíðar.

Verndun náttúrunnar

Aðalfundur Eypings, haldinn í Hörgársveit 9. og 10. október 2015, skorar á ríkið að móta skýra stefnu um uppbyggingu ferðamannastaða og tryggja nægt fjármagn til þess verkefnis svo vernda megi náttúru landsins. Útlit er fyrir að fjöldi ferðamanna til landsins muni aukast mikið á næstu árum og leggur fundurinn áherslu á að gripið verði til aðgerða áður en í enn frekara óefni verður komið. Jafnframt fer fundurinn fram á að krafa um mótframlag sveitarfélaga í Framkvæmdasjóð ferðamanna verði felld út.

Menntun fyrir atvinnulífið

Aðalfundur Eypings, haldinn í Hörgársveit 9. og 10. október 2015, felur stjórn Eypings að láta vinna aðgerðaáætlun fyrir eflingu menntunar fyrir atvinnulífið á starfssvæðinu. Í aðgerðaáætluninni verði lögð áhersla á menntun í ferðamálafræðum, upplýsingatækni og öðrum greinum sem fela í sér sóknarfæri svæðisins. Aðgerðaáætlunina skal leggja fyrir næsta aðalfund Eypings til umræðu og afgreiðslu.

Málefni framhaldsskóla

Aðalfundur Eypings, haldinn í Hörgársveit 9. og 10. október 2015, leggur áherslu á að leitað verði leiða til þess að efla faglegan styrk og lögbundið hlutverk framhalds-skólanna á Norðurlandi eystra með auknu samstarfi og nútíma tæknilausnum. Engar mikilvægar ákvarðanir verði teknar um fyrirkomulag framhaldsskóla á svæðinu án samráðs við heimamenn.

Um er að ræða mjög mikilvægt byggðamál, m.a. þar sem framhaldsskólarnir gegna mikilvægu hlutverki í að hækka menntunarstig landsbyggðanna.

Háskólinn á Akureyri

Aðalfundur Eypings, haldinn í Hörgársveit 9. og 10. október 2015, leggur áherslu á sjálfstæði Háskólans á Akureyri og að honum verði tryggt nægt fjármagn til að sinna því hlutverki sem honum er ætlað, sem er gríðarlega mikilvægt fyrir landsbyggðirnar. Minnt er á að Háskólinn á Akureyri er og hefur verið leiðandi í fjarnámi á háskólastigi s.l. 17 ár án þess að njóta sérstakra fjárframlaga vegna þess. Jafnframt telur aðalfundurinn mikilvægt að skólanum verði sköpuð skilyrði til að þróa nýjar námsleiðir í samvinnu við atvinnulífið s.s. tækninám og læknanám. Fjölgun lækna á landsbyggðunum er ein af meginforsendum jákvæðrar byggðaþróunar en reynslan sýnir að þeir sem útskrifast úr Háskólanum á Akureyri setjast frekar að á landsbyggðunum en þeir sem útskrifast úr öðrum háskólum á Íslandi.

Menningarmál á starfssvæði Eypings

Aðalfundur Eypings, haldinn í Hörgársveit 9. og 10. október 2015 ályktar, frá árinu 2007 hefur Menningarráð Eypings unnið markvisst að eflingu menningarstarfs á starfssvæði Eypings. Í úttektum á starfi menningarráða á landsbyggðinni kemur starfsemi Menningarráðs Eypings afar vel út. Í ljósi þessa er mikilvægt að viðhalda því faglega starfi sem unnið hefur verið á svæðinu.

Á síðustu árum hafa orðið miklar breytingar á aðgengi að fjármagni fyrir menningarverkefni á landsbyggðinni. Framlög til verkefna á starfssvæði Eypings hafa lækkað umtalsvert og má rekja þá lækkun til breytinga sem voru gerðar árið 2012 þegar fjármagn af safnliðum fjárlaga var flutt til menningarráða og opinberra sjóða. Aðalfundur Eypings leggur áherslu á að auka þurfi fjármagn til stofn- og rekstrarstyrkja þar sem mörg lista- og menningarsetur, sem ekki hafa aðgang að opinberum sjóðum samkvæmt lögum, berjast í bökkum. Mikilvægt er að í þessum málaflokki sé fulls jafnréttis gætt. Skorar Aðalfundur Eypings á fjárveitingavaldið að tryggja aukið fjármagn til menningarstarfs á starfssvæði Eypings til framtíðar.

Menningarsamningur Akureyrarbæjar

Aðalfundur Eypings, haldinn í Hörgársveit 9. og 10. október 2015 ályktar, Akureyri hefur lengi verið þungamiðja í öflugum menningarstarfi utan höfuðborgarsvæðisins. Með menningarsamningi við ríkið hefur skapast tækifæri til aukinnar atvinnumennsku á sviði lista, sem hefur styrkt allt menningarstarf á svæði Eypings og í nágrennabyggðarlögum. Fjármagn til menningarsamnings við Akureyri hefur staðið í stað í mörg ár á sama tíma og framlög til sambærilegra stofnana ríkisins í Reykjavík hafa aukist um hundruði milljóna króna. Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2016 er ekki að sjá neina breytingu á þessu. Aðalfundur Eypings telur þessa mismunun, sem í framlögunum birtist, óskiljanlega og óásættanlega. Aðalfundur Eypings telur því afar brýnt að fjármagn sé aukið til samningsins til að efla enn frekar atvinnu á sviði lista á starfssvæði Eypings. Það kemur öllu landinu til góða.

Sjúkrahúsið á Akureyri

Aðalfundur Eypings, haldinn í Hörgársveit 9. og 10. október 2015, ítrekar mikilvægi þess að standa vörð um og efla uppbyggingu Sjúkrahússins á Akureyri. Nauðsynlegt er að tryggja nægilegt fjármagn til þess að fjölga námsstöðum unglækna, auka þjónustu á dag- og göngudeildum og til þess að efla þjónustu bráðamóttöku spítalans vegna þeirrar aukningar sem hefur orðið í aðsókn. Einnig telur fundurinn mikilvægt að hafist verði handa sem allra fyrst við byggingu nýrrar legudeildar.

Heilbrigðisþjónusta

Aðalfundur Eypings, haldinn í Hörgársveit 9. og 10. október 2015, minnir á að almenn og góð heilbrigðisþjónusta er mikilvægt byggða- og öryggismál. Nauðsynlegt er að stjórnvöld tryggja aðgengi að grunnþjónustu heilsugæslu. Aðalfundur Eypings skorar á ráðherra að vinna náið með sveitarfélögum við að skipuleggja þjónustu við aldraða. Málafni aldraða verða sífellt umfangsmeiri jafnframt því sem fjöldi aldraða eykst. Mikilvægt er að ábyrgð ríkisins sé skýr og nægt fjármagn fylgi verkefninu. Farið verði í gerð þjónustusamninga við heilsugæslu- og öldrunarstofnanir og kröfur um þjónustu séu kostnaðarmetnar fyrirfram.

Aflið

Aðalfundur Eypings, haldinn í Hörgársveit 9.-10. október 2015, skorar á stjórnvöld að tryggja Aflinu, samtökum gegn kynferðis- og heimilisofbeldi nauðsynlegt fjármagn til að standa vörð um sambærilega þjónustu á landsbyggðunum og veitt er á höfuðborgarsvæðinu. Aflið gegnir afar mikilvægu hlutverki á Eypingsvæðinu.

SÁÁ

Aðalfundur Eypings, haldinn í Hörgársveit 9. og 10. október 2015, skorar stjórnvöld að tryggja starfsemi göngudeildar SÁÁ á Akureyri.

Niðurstaða kosninga

Breytingar á Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra 2014 - 2018

Í stað Péturs Maack Þorsteinssonar, Akureyri, var kosinn Jón Ingi Cæsarsson, og gegnir hann formennsku.

Í stað Hafsteins Gunnarssonar, Norðurþingi, var kosinn Benedikt Kristjánsson.

Í stað Örlyggs Hnefils Örlyggsonar sem varamanns var kosinn Guðmundur Smári Gunnarsson.

Í Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra sitja nú:

Jón Ingi Cæsarsson	Akureyri	formaður
Svanhildur Dóra Björgvinsdóttir	Akureyri	
Benedikt Kristjánsson	Norðurþingi	
Pórarinn Þórisson	Langanesbyggð	
Hólmfríður G. Jónsdóttir	Dalvíkurbyggð	

Til vara (í sömu röð og aðalmenn)

Linda María Ásgeirsdóttir	Akureyri	
Hjördís Stefánsdóttir	Akureyri	
Guðmundur Smári Gunnarsson	Norðurþingi	
Steinþór Heiðarsson	Tjörneshreppi	
Fjóla Stefánsdóttir	Grýtubakkahreppi	

Breytingar á stjórn Eyþings 2014 – 2016

Bjarni Th. Bjarnason, Dalvíkurbyggð, var kosinn í stað Sigurðar Vals Ásbjarnarsonar, Fjallabyggð, og Gunnar I. Birgisson, Fjallabyggð, var kosinn sem varamaður.

Karl Frímansson, Eyjafjarðarsveit, var kosinn í stað Jóns Stefánssonar, Eyjafjarðarsveit.

Stjórn Eyþings 2014-2016

Logi Már Einarsson	Akureyri	formaður
Eva Hrund Einarisdóttir	Akureyri	
Bjarni Th. Bjarnason	Dalvíkurbyggð	
Karl Frímansson	Eyjafjarðarsveit	
Sif Jóhannesdóttir	Norðurþingi	
Arnór Benónýsson	Þingeyjarsveit	
Hilma Steinarsdóttir	Langanesbyggð	

Til vara (í sömu röð og aðalmenn)

Sigríður Huld Jónsdóttir	Akureyri	
Gunnar Gíslason	Akureyri	
Gunnar I. Birgisson	Fjallabyggð	
Eiríkur Haukur Hauksson	Svalbarðsstrandarhreppi	
Örlygur Hnefill Örlygson	Norðurþingi	
Jón Óskar Pétursson	Skútustaðahreppi	
Olga Gísladóttir	Norðurþingi	